

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík 8 september 2021

Beiðni um framkvæmdaleyfi

Fjáreigendafélag Reykjavíkur kt. 4808700349 og Sauðfjáreigendafélag Kópavogs kt. 5801830269 hafa falið mér að sækja um fyrir hönd félaganna leyfi til að byggja nýja fjárrétt á afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna sem félagsmenn beggja félaganna eiga upprekstrarrétt á. Málið er ekki alveg nýtt af nálinni en 14. janúar 2015 samþykkti skipulagsstofnun fyrir sitt leyti að réttin yrði byggð.

Með vísan til eftirfarandi gagna sem liggja fyrir hjá Kópavogsbæ er farið fram á að veitt verði leyfi fyrir byggingu fjárréttar, nyrst í Mosunum, neðan Neðri Fóelluvatna, nálægt syðri bakka Heiðarbrúnarkvísar og austan Búrfellslínu.

Gögn sem umsóknin byggir á:

Yfirlits og aðstöðuupprættir dags. 15. desember 2014

Samþykki forsætisráðuneytis 12. nóv. 2014 og jákvæðar umsagnir eftirtalinna:

Mosfellsbæjar dags. 14. sept. 2014

Landsnets dags. 15. sept. 2014

Umhverfisstofnunar dags. 24. sept. 2014

Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 1. okt. 2014

Lögreglunnar dags. 9. okt. 2014

Engar forsendur hafa breyst frá því þessar jákvæðu umsagnir voru veittar og er þess beiðst að útgáfu framkvæmdaleyfis verði flýtt eins og kostur er.

Virðingarfyllst

fyrir hönd umbjóðenda minna

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

Hjálagt: bréf skipulagsstofnunar frá 14. janúar 2015.